



Efni: Umsögn Samtakanna 22 – Hagsmunasamtaka Samkynhneigðra um um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum (bælingarmeðferð), þskj. 45, 45. mál.

*Um okkur: Samtökin 22 eru ný hagsmunasamtök og grasrótahreyfing samkynhneigðra sem sinna hagsmunagæslu fyrir fólk sem laðast að fólk af sama kyni og er eini aðilinn á Íslandi sem einungis vinnur í þágu samkynhneigðra.*

Umsögn:

Lagt hefur verið fram frumvarp á Alþingi um breytingar á almennum hegningarlögum sem á að gera svokallaðar „bælingarmeðferðir“ (e. *conversion therapy*) refsiverðar. Bælingarmeðferðir eru grimmilegar meðferðir sem samkynhneigt fólk hefur orðið fyrir vegna kynhneigðar sinnar.

Samtökin 22 fagna að slíkt frumvarp sé komið fram á Alþingi, en setur þó nokkra fyrirvara um frumvarpið í heild eins og það lítur út í dag.

Við fögnum því að stjórnvöld hyggist banna svokallaða „bælingarmeðferð á samkynhneigð.“ Hins vegar mun lagasetning sem setur kynvitund og kyntjáningu undir sama hatt auka áhættuna fyrir ungt fólk sem laðast að fólk af sama kyni. Áhættan er einmitt sú hugmynd, að börn sem glíma við kynáttunarfanda geti breytt kyni sínu því það hafi fæðst í röngum líkama, og eru því jafnvel hvött til að fara í meðferðir, til að „leiðrétta kyn sitt“

Við höfum áhyggjur af því að þessar tillögur geti auðveldlega leitt til þess að tugir og hundruð barna, sem flest myndu vaxa úr grasi sem samkynhneigðir einstaklingar, myndu láta hamla kynþroska sínum með tilraunalyfjum og ýtt undir hormóna- og læknismeðferðar fyrir lífstíð.

M.ö.o. þessar tillögur myndu **stuðla að**, og ekki koma í veg fyrir bælingarmeðferðir á samkynhneigðum.

Einnig vantar skilgreiningar á hvað telst til kynhneigðar. Samtökin 22 – Hagsmunasamtök Samkynhneigðra viðurkenna þrjár kynhneigðir. Gagnkynhneigð, tvíkynhneigð og samkynhneigð, þar sem kyn mannfólks einungis eru tvö. Önnur samtök og hreyfingar sem starfa undir öðrum formerkjum, en kynhneigð, eru okkur ósammála og hafa m.a. skilgreint ýmsa kynhegðun og/eða blæti eins og BDSM, lauslæti og skírlífi sem kynhneigð.



Það er óljóst í greinargerðinni sem í raun fjallar aðeins um samkynhneigð hvert markmiðið með lögnum er. Greinargerðin skilur okkur eftir með fleiri spurningar en svör.

Við teljum nauðsynlegt að aðskilja kynhneigð annarsvegar og kyntjáningu/kynvitund hinsvegar. Þess vegna væri æskilegast að taka það síðarnefnda út úr frumvarpinu í heild sinni. Bælingarmeðferðir á transfólki þekkist ekki og ekki er vitað um nein slík tilfelli á Íslandi svo vitað sé. Einu þekktu dæmin sem við höfum heyrt af eru bælingarmeðferðir á samkynhneigð gegn fólki sem síðar hefur skilgreint sig sem trans. Kyntjáning byggir á löngu úreltri og skaðlegri hugmyndfræði um staðalímyndir um kynhlutverk karla og kvenna.

Öll löggjöf um bann við „bælingarmeðferð á kynvitund og kyntjáningu mun þurfa meiri tíma og athugun að okkar mati, Ýmislegt er enn óljóst eftir að hafa lesið greinargerðina.

Til að nefna dæmi, þá er skortur á skýrum skilgreiningum, sterkum sönnunargögnum og mikil áhætta að fyrirhuguð löggjöf gæti valdið fólki alvarlegu tjóni en ella. Það þarf að skoða hugsanlega glufur og loka þeim. Eins og frumvarpið lítur út í dag gæti það gert samtalsmeðferðir hjá sálfræðingum og geðlæknum refsiverð. Einnig gæti það valdið sjúklingum erfiðleikum að fá þjónustu ef þeir gefa í skyn kynáttunarvanda eða kynama. Fagaðili gæti veigrað sér við að veita einstakling þjónustu vegna ótta við að verða sakaður um, eða jafnvel að brjóta gegn lögnum.

*The Cass Review*, (óháð bresk rannsókn sem er í gangi) sem er að rannsaka þessi mál, mun ekki skila niðurstöðum sínum fyrr en **í byrjun árs 2023**. Bráðabirðaskýrslan er komin út og hún hefur sett stórkostlega annmarka við svokallaðar translækningar barna. Einmitt vegna rökstutts gruns um bælingar á kynhneigð hefur Dr. Cass sett allar trans meðferðir barna í biðstöðu í Bretlandi. Við teljum að frumvarpið varðandi kyntjáningu og kynvitund þoli alveg nokkra mánaða bið hið minsta uns skýrslan er komin út og hún greind. Þetta er ítarlegasta skýrslugerð sem hefur verið framkvæmd varðandi þetta málefni á heimsvísu.

Með hliðsjón af þessum áhyggjum mælum við með því að þingheimur einbeiti sér að því að semja löggjöf sem bannar grimmilegar bælingarmeðferðir á samkynhneigðum og tryggja að hægt sé að innleiða bannið á áhrifaríkan hátt. Þegar um er að ræða kynvitund og kyntjáningu mælum við með taka það fyrir í sérstöku frumvarpi sem fer í gegnum umsagnarferli og með aðkomu sérfræðinga er varðar heilsu og vernd barna og unglinga.

Þó að allar líkamlegar „bælingarmeðferðir“ (þ.e. ofbeldi, líkamlegar refsingar eða sviptingar, nauðganir sem eru framdar í því skyni að leiðrétta kynhneigð fólks eða hvers kyns grimmilegar og þvingandi líkamlegar athafnir sem ætlað er að breyta kynhneigð einstaklings) séu sem betur fer nú þegar ólöglegar samkvæmt gildandi lögum, gæti fyrirhugað frumvarp varpað ljósi á ólögætti slíkra athafna. Það gæti einnig hjálpað til við að greina hvar úrbóta er þörf.



Áskorun til Alþingis:

Samtökin 22 – Hagsmunasamtök Samkynhneigðra leggja til að frumvarpið verði dregið tilbaka í núverandi mynd og getur ekki stutt það eins og það er lagt fram.

Með vinsemd og virðingu

Reykjavík þann 7. Nóvember 2022

Fh. Samtökin 22 – Hagsmunasamtök Samkynhneigðra og undirritaðra

Eldur Ísidór

Iva Adrichem

Björg Sighvatsdóttir

Hafsteinn Thor Guðmundsson (Haffi Haff)

Sæmundur Garðar Halldórsson

Reynir Katrínar

Páll Heimir Einarsson

Sigurlaug Guðjónsdóttir

Davíð Nól Jógvanson Purkhús

Hanna Kristín Kristinsdóttir

Fylgiskjöl: [Umsögn Gay Men's Network fyrir breska þingið](#). Eldur Ísidór er stofnfélagi í Gay Men's Network. Umsögn [Thoughtful Therapists](#) til breska þingsins.

